



**BREYTING Á**  
**AÐALSKIPULAGI DJÚPAVOGSHREPPS 2008 - 2020**  
**Uppbygging ferðapjónustu á Bragðavöllum - breytt landnotkun**



**TGJ**  
TEIKNISTOFA GUÐRÚNAR JÓNSDÓTTUR





**BREYTING Á  
AÐALSKIPULAGI DJÚPAVOGSHREPPS 2008 - 2020  
Uppbygging ferðapjónustu á Bragðavöllum - breytt landnotkun**

**15. nóvember 2017  
uppfært 10. janúar 2017  
uppfært 6. mars 2018**

## STAÐFESTINGARSÍÐA

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010  
var samþykkt í sveitarstjórn Djúpavogshrepps þann 9/5 2018.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 20. 06 2018.











---

## EFNISYFIRLIT

1. Inngangur.....	4
2. Breyting á aðalskipulagi; markmið, kynning og samráð.....	5
2.1 Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar.....	6
2.2 Kynning og samráð .....	6
3. Skipulagsleg staða og tengsl við aðrar áætlanir .....	7
3.1 Landsskipulagsstefna.....	7
3.2 Aðalskipulag.....	7
3.3 Héraðs- og Austurlandsskógar - skógræktarsamningur .....	7
4. Grunnástand.....	8
4.1 Staðhættir.....	8
4.2 Fuglar, dýralíf og vatnalíf.....	8
4.3 Menningarminjar.....	8
5. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 .....	9
Verslunar- og þjónustusvæði.....	10
Skógrækt.....	11
Uppfærsla á uppdrætti .....	11
6. Umhverfismat.....	11
6.1 Samantekt.....	11
6.2 Yfirlit yfir umfang og efni umhverfismatsins .....	11
6.3 Umhverfisþættir og áhrif.....	11
6.4 Viðmið umhverfisáhrifa .....	12
6.5 Aðferð og framsetning.....	12
6.6 Mat á umhverfisáhrifum.....	12
6.6.1 Niðurstaða .....	13
7. Viðauki A.....	14

## 1. INNGANGUR

Milli áranna 2015 og 2016 varð tæplega 40% aukning á fjölda erlendra ferðamanna sem komu til Íslands<sup>1</sup> og á árinu 2017 má jafnvel gera ráð fyrir enn meiri aukningu frá fyrra ári<sup>2</sup>. Austurland hefur ekki farið varhluta af þessari fjölgun en hlutfall gistinátta á svæðinu sumarið 2016 var um 4,6% af heild á landsvísi<sup>3</sup>.

Samfara þessu hafa skapast vænlegar forsendur til uppbyggingar í þágu ferðaþjónustu í Djúpavogshreppi. Í lok árs 2016 voru tólf aðilar ferðaþjónustuaðilar sem ráku hótél og gistiheimili. Samtals buðu þeir upp á um 370 gistirúm<sup>4</sup>, og undanfarin ár hefur nýtingin verið um 80% að sumri til en 20% á veturnum.

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 kemur fram í meginmarkmiðum sveitarstjórnar að stefnt sé „að því að efla og þróa atvinnutækifæri í ferðaþjónustu í Djúpavogshreppi m.a. með því að að leggja áherslu á uppbyggingu góðra tjald- og hjólhýsasvæða og annarra gisti- og dvalarúrræða“<sup>5</sup>.



Horft heim að Bragðavöllum (ljósm. Andrés Skúlason)

Jarðirnar Bragðavellir 1 og 2 eru við botn Hamarsfjarðar, sunnan Hamarsár. Í dalbotninum einkennist land af lítt grónu flatlendi, árfarvegum og ræktuðu landi. Í suðri rís hratt Melrakkanesfjall sem skilur Hamarsdal og Geithelladal. Í suðvestri gengur Snædalur til vesturs umlukinn fjallstindum sem teygja sig í yfir 900 m.h.y.s.

<sup>1</sup> Sjá vef Ferðamálastofu: <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/heildarfjoldi-erlendra-ferdamanna>

<sup>2</sup> Sjá vef Ferðamálastofu: <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/talningar-ferdamalastofu-i-flugstod-leifs-eirikssonar>

<sup>3</sup> Hlutfall gistinátta á Austurlandi árin 2015 og 2014 var skv. opinberum tölum um 13%. Árið 2016 var gerð sú breyting frá fyrrri birtingum að gistinátatölur fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð flokkast með Suðurlandi í stað Austlands.

<sup>4</sup> Tölur utan tjaldsvæða

<sup>5</sup> Sjá kafla 1.2.3 í greinargerð skipulagsins.



Á Bragðavöllum hefur verið stundaður hefðbundinn landbúnaður um árabíl og stefnt að slík verði áfram. Á allra síðustu árum hefur ferðapjónusta vaxið fiskur um hrygg og reist hafa verið sjö lítil gistihús sem nýtt hafa verið í þeim tilgangi. Standa byggingarnar beggja vegna heimreiðar í námunda við bæinn. Á Bragðavöllum voru 26 gistirými í lok október 2017 og var fjöldi gistinátta 5.376 á tímabilinu ágúst 2016 - október 2017. Nýtingin var hæst um 90% í júlí og ágúst 2017 en lægst var hún ríflega 26% í nóvember. Þá jókst nýtingin utan háannar milli ára en 20-30% aukning er í september og október 2017 miðað við sama tíma árið 2016.

Reist hafa verið 7 gistihús, 26,2 - 36,2 m<sup>2</sup> að stærð, sem nýtt hafa verið í tengslum við ferðapjónustu. Standa byggingarnar beggja vegna heimreiðar í námunda við bæinn, en bæjarstæði Bragðavalla er í ríflega 800 m fjarlægð frá Hringvegi um Hamarsfjörð.

Til framtíðar litið er stefnt að frekari umsvifum á sviði ferðapjónustu með fjölbreyttari kostum á gistingu, veitingapjónustu og afþreyingu. Sveitarstjórn telur því mjög brýnt að gera viðeigandi ráðstafanir áður en frekari uppbygging á Bragðavöllum í þágu ferðapjónustu verður heimiluð.



Bæjarstæðið á Bragðavöllum (ljósm. Ingi Ragnarsson)

## 2. BREYTING Á AÐALSKIPULAGI; MARKMIÐ, KYNNING OG SAMRÁÐ

Áætlanir framkvæmdaraðila um uppbyggingu ferðapjónustu á Bragðavöllum samræmast ekki stefnu í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 sem staðfest var af umhverfisráðherra 24. febrúar 2010 og kalla á breytingu á aðalskipulagi. Sú breyting sem hér er til umræðu fjallar um að verslunar- og þjónustusvæði verði sýnt við bæjarstæði, auk uppfærslu á mörkum skógræktarsvæðis til samræmis við skógræktarsamning frá árinu 2014.

## 2.1 MARKMIÐ AÐALSKIPULAGSBREYTINGARINNAR

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að bregðast við auknum ferðamannastraumi, breyttum áherslum í atvinnuháttum á svæðinu og styrkja innviði ferðaþjónustunnar á svæðinu og byggð í fámennri sveit.

## 2.2 KYNNING OG SAMRÁÐ

Á fundi 15. desember 2016 samþykkti sveitarstjórn að kynna lýsingu að breytttri landnotkun á Bragðavöllum. Dreifibréf var sent út til íbúa á nærliggjandi jörðum og hagsmunaaðila í sveitarfélaginu 19. desember 2016, auk þess sem tilkynning var hengd upp á áberandi stöðum innan sveitarfélagsins. Skipulagsgögn lágu frammi á skrifstofu sveitarfélagsins auk þess að vera aðgengileg á vef sveitarfélagsins ([www.djupivogur.is](http://www.djupivogur.is)). Veittur var frestur til ábendinga til og með 4. janúar 2017 að skila ábendingum við lýsinguna. Engar ábendingar bárust. Á sama fundi samþykkti sveitarstjórn að fela sveitarstjóra að senda lýsinguna til umsagnar til eftirfarandi stofnana og var hún send þeim 19. desember 2016:

- Skipulagsstofnun. Umsögn barst - dags. 11. janúar 2017
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands. Umsögn barst ekki.
- Minjastofnun. Fyrir kynningartíma hafði verið óskað eftir umsögn stofnunarinnar varðandi drög að deiliskipulag. Umsögn barst - dags. 8. desember 2016.
- Atvinnuvega - og nýsköpunarráðuneytinu. Umsögn barst - dags. 28. desember 2016.
- Umhverfisstofnun. Umsögn barst - dags. 25. janúar 2017.
- Hafrannsóknarstofnuninni. Umsögn barst - dags. 29. desember 2016.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi var kynnt á íbúafundi á Djúpavogi 23. febrúar 2017 og frestur til ábendinga veittur til 6. mars 2017. Engar ábendingar bárust.

Þar sem tillaga tók talsvert miklum breytingum frá fyrri kynningu, samþykkti sveitarstjórn á fundi 16. nóvember 2017 að kynna aftur tillögu að breytingu. Dreifibréf var sent út til íbúa á nærliggjandi jörðum og hagsmunaaðila í sveitarfélaginu 21. nóvember 2017, auk þess sem tilkynning var hengd upp á áberandi stöðum innan sveitarfélagsins. Veittur var frestur til og með 6. desember 2017 að skila ábendingum við tillöguna. Skipulagsgögn lágu frammi á skrifstofu sveitarfélagsins auk þess að vera aðgengileg á vef sveitarfélagsins ([www.djupivogur.is](http://www.djupivogur.is)). Engar ábendingar bárust. Á sama fundi samþykkti sveitarstjórn að fela sveitarstjóra að senda tillöguna til umsagnar til eftirfarandi stofnana:

- Skipulagsstofnun. Umsögn barst ekki.
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands. Umsögn barst ekki.
- Minjastofnun. Umsögn barst dags. 16. febrúar 2018.
- Atvinnuvega - og nýsköpunarráðuneytinu. Umsögn barst dags. 13. desember 2017.
- Umhverfisstofnun. Umsögn barst - dags. 24. janúar 2018.
- Hafrannsóknarstofnuninni. Umsögn barst ekki.

Sveitarstjórn samþykkti á fundi 11. janúar 2018 tillögu að breytingu á aðalskipulagi og umhverfisskýrslu. Jafnframt var samþykkt að óska eftir heimild Skipulagsstofnunar til auglýsingar. Skipulagsstofnun veitti heimild til auglýsingar að undangengnum minniháttar



breytingum 26. febrúar 2018. Sveitarstjórn samþykkti tillöguna með viðbótum til auglýsingar á fundi 8. mars 2018. Tillaga að breytingu var auglýst í Fréttablaðinu og Lögbirtingablaðinu 14. mars 2018, og lágu gögnin frammi hjá Skipulagsstofnun og á skrifstofu Djúpavogshrepps, auk þess að vera aðgengileg á vef sveitarfélagsins ([www.djupivogur.is](http://www.djupivogur.is)). Frestur til athugasemda var veittur til og með 25. apríl 2018. Engar athugasemdir bárust. Tillaga að breytingu var endanlega samþykkt á fundi sveitarstjórnar 9. maí 2018.

### **3. SKIPULAGSLEG STAÐA OG TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR**

#### **3.1 LANDSSKIPULAGSSTEFNA**

Í Landsskipulagsstefnu 2015 - 2026 segir að skipulag landsnotkunar skuli styðja við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættir stefnu um byggðaþróun í þéttbýli og dreifbýli. Þá skal skipulag landnotkunar stuðla að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og þess er gætt að þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustunnar séu varðveitt. Áætlanir um uppbyggingu ferðaþjónustu á Bragðavöllum mun fara fram utan svæða sem viðkvæm eru í náttúrfarslegu eða menningarlegu tilliti, auk þess sem uppbygging fer fram utan ræktaðs lands og skógræktarsvæðis. Uppbygging á Bragðavöllum mun einnig styrkja búsetu sveitarfélaginu, þar sem þjónustustig hækkar og valkostum fyrir gesti sem sækja á svæðið heim fjölgar.

#### **3.2 AÐALSKIPULAG**

Samkvæmt Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020 er landbúnaður meginlandnotkun á Bragðavöllum en önnur landnotkun er skógrækt, opið svæði til sérstakra nota (skógrækt) og efnistökusvæði. Þá eru á jörðinni þjóðminjar sem sveitarstjórn gerir samkvæmt aðalskipulagi að tillögu sinni að verði friðlýstar. Auk þess liggur byggðalína Landsnets um jörðina samhliða Hringvegi.

Framkvæmdaraðilar hyggjast halda áfram með hefðbundinn búskap á jörðinni og gera áætlanir ekki ráð fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu á ræktuðu landi né innan skilgreinds skógræktarsvæðis sem samningur við Héraðs- og Austurlandsskóga nær til.

Að mati sveitarstjórnar eru uppbyggingaráform í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags um að landbúnaður verði áfram ríkjandi landnotkunarpáttur og hliðargreinar hans, en ferðaþjónusta hefur fallið í þann flokk um langa hríð<sup>6</sup>.

#### **3.3 HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR - SKÓGRÆKTARSAMNINGUR**

Á Bragðavöllum er í gildi skógræktarsamningur sem endurnýjaður var árið 2014. Samkvæmt samningnum nær samningurinn yfir 127 ha lands. Uppbygging ferðaþjónustu er ekki fyrirhuguð innan skilgreinds skógræktarsvæðis.

<sup>6</sup> Sjá t.d. Þórður Friðjónsson (1995). Landbúnaður: Hvert stefnir? *Ráðunautafundur*, bls. 1-9.



## 4. GRUNNÁSTAND

### 4.1 STAÐHÆTTIR

Land er fremur flatt á fyrirhuguðu uppbyggingarsvæði og gera áætlanir ráð fyrir uppbyggingu við bæjarstæði á Bragðavöllum á ræktuðu landi eða lítt grónum melum, í 100 m fjarlægð frá bökkum Hamarsár.



Bæjarstæðið á Bragðavöllum séð úr norðri (ljósm. Ingi Ragnarsson)

### 4.2 FUGLAR, DÝRALÍF OG VATNALÍF

Í Hamarsfirði er fuglalíf talsvert og tegundafjölbreytni nokkur<sup>7</sup>. Hamarsdalur er hluti af hreindýraveiðisvæði<sup>8</sup> og hafa hreindýr sótt að talsverðu ráði niður í Hamarsdal frá 6. áratug síðustu aldar<sup>9</sup>. Hamarsá er með stærri silungsám á Austfjörðum og er bleikjan þar að jafnaði stærri en í nálægum ár<sup>10</sup>. Fiskgengd árinna er um 6 km.

### 4.3 MENNINGARMINJAR

Í svæðisskráningu menningarminja í Djúpavogshreppi er getið um 29 minjar í landi Bragðavalla<sup>11</sup>. Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 er gerð tillaga um friðlýsingu þriggja þessara minja og eru þær sýndar á uppdrætti. Tvær þeirra eru nærri fyrirhugaðri uppbyggingu, annars vegar hlaðinn garður í túni skammt austan við bæjarstæðið (sjá mynd 2) og hins vegar Djúpibotn í námunda við Selárgil í hlíðum Melrakknesfjalls. Þar sem friðlýsing hefur ekki náð fram að ganga gilda nú ákvæði hverfisverndar sbr. gildandi

<sup>7</sup> Kristinn Haukur Skarphéðinsson (2007). Fuglalíf í Djúpavogshreppi. *Bliki*, 28, 1-18.

<sup>8</sup> Sjá <http://www.ust.is/library/Myndir/Einstaklingar/Hreindyr/Veidsvaedi2014.jpg>

<sup>9</sup> Erlín Emma Jóhannsdóttir, Gerður Guðmundsdóttir, Guðrún Áslaug Jónsdóttir, Halldór W. Stefánsson, Kristín Ágústsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson. Gróðurfar, fuglar, hreindýr og verndargildi á vegarstæðum yfir Öxi, í Skriðdal og um botn Berufjarðar. Neskaupsstaður: Náttúrustofa Austurlands, mars 2009.


<sup>10</sup> Sjá <http://www.angling.is/is/veidivotn/silungsveidiar/a-austurlandi/11927/>

<sup>11</sup> Sædis Gunnarsdóttir (2004). Menningarminjar í Djúpavogshreppi - svæðisskráning. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.



aðalskipulag en þar kemur fram að þessum svæðum / stöðum megi ekki raska eða spilla með neinum hætti<sup>12</sup>. Þá eru tvær brýr á nærri fyrirhuguðu ferðapjónustusvæði, önnur er gömul brú skammt vestan íbúðarhúss og hin er gamla bogabruin fyrir Hamarsá. Bruin er elsta steipta brúarmannvirki í Djúpavogshreppi, byggð árið 1915 og friðuð skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Vegna fyrirætlana um uppbyggingu í þágu ferðapjónustu voru fornleifar deiliskráðar á 60 ha lands innan jarðarinnar í maí 2017<sup>13</sup>. Skráðar voru 29 fornleifar sem eru flestar í túninu heima við bæinn (sjá kort 1).



Kort 1. Yfirlit yfir deiliskráningu á Bragðavöllum (Fornleifastofnun Íslands)

## 5. TILLAGA AÐ BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI DJÚPAVOGSHREPPS 2008 - 2020

Í tillögu að deiliskipulagi er gert ráð fyrir:

- Að veitinga- og samkomuhús, allt að 620 m<sup>2</sup> rísi á sérlóð.
- Allt að 40 bílastæðum og tveimur rútustæðum sunnan við bæjarhlað, sem þjóna eiga veitinga- og samkomuhúsi og fyrirhugaðri gistihúsabyggð.
- Nýtt íbúðarhús rísi á sérlóð norðan núverandi íbúðarhús.
- Tveimur lóðum (1,48 ha og 4,52 ha) fyrir gistihús ætluð til útleigu til ferðamanna. Á annarri lóðinni standa lítil gistihús sem hafa verið reist á undanförunum árum auk frístundahúss sem stefnt er að verði nýtt til ferðapjónustu. Gert er ráð fyrir allt að 22

<sup>12</sup> Sjá kafla 5.10.3 í greinargerð skipulagsins.

<sup>13</sup> Kristborg Þórsdóttir og Stefán Ólafsson (2017). Deiliskráning fornleifa á Bragðavöllum í Hamarsfirði. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.



gistihúsum allt að 40 m<sup>2</sup> að flatarmáli og einu þjónustuhúsi allt að 20 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Í áætlunum framkvæmdaraðila er kemur fram að áætlaður fjöldi gistirýma í byggingum tengdum ferðaþjónustu verði allt að 100.



Sumar 2016. Uppbygging ferðaþjónustu (ljósm. Andrés Skúlason)

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi sem hér er lögð fram er í þremur liðum:

#### VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

- Gert er ráð fyrir 8,25 ha verslunar- og þjónustusvæði nærri bæjarstæði, ætluðum ferðaþjónustu með allt að 100 gistirýmum. Þá er heimilt að byggja allt að 620 m<sup>2</sup> veitinga- og samkomuhús þar sem nú standa útihús sem ekki eru lengur nýtt í þágu hefðbundins landbúnaðar. Þá er heimild að byggja upp stæði fyrir allt að 40 bíla og tvær rútur. Á skipulagsuppdrætti er sýnd afmörkun verslunar- og þjónustusvæðis á og nærri bæjarstæði. Jafnframt er texta í greinargerð aðalskipulagsins (kafla 5.3.2) breytt úr „[g]ert er ráð fyrir 3,24 ha verslunar- og þjónustusvæði á Kerhömrum í landi Múla“ í „[g]ert er ráð fyrir 3,24 ha verslunar- og þjónustusvæði á Kerhömrum í landi Múla og 8,24 ha verslunar- og þjónustusvæði á Bragðavöllum“. Í töflu 30 (sjá viðauka A) er „X“ fært inn í dálkinn „Verslun og þjónusta“ (sjá bls. 123 í greinargerð) fyrir jörðina Bragðavelli.
- Á svæðinu standa byggingar sem nýttar eru til hefðbundins landbúnaðar og munu áfram gegna því hlutverki.
- Núverandi íbúðarhús er innan svæðisins og er búseta er áfram heimiluð innan þess.
- Innan svæðisins er heimild fyrir einu íbúðarhúsi á sérlóð til viðbótar núverandi íbúðarhúsi.

## SKÓGRÆKT

- Mörk skógræktar á landbúnaðarlandi uppfærð á skipulagsupprætti til samræmis við gildandi skógræktarsamning.

## UPPFÆRSLA Á UPPDRÆTTI

- Raflína (Byggðalína) fyrir botn Hamarsfjarðar hefur verið staðsett með nákvæmari hætti en áður.

## 6. UMHVERFISMAT

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 en þar segir í 1. grein: „Markmið þessara laga er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.“ Fjallar umhverfismat vegna breytingarinnar um að greina frá áhrifum hennar í samanburði við þá stefnu sem mörkuð er í staðfestu aðalskipulagi sveitarfélagsins. Með mati þessu er reynt að tryggja að ákvarðanatataka um þá þætti sem taldir eru hafa umtalsverð áhrif á umhverfi verði skýr og gagnsæ. Þannig má líta á að í matsskýrslu sé að finna röksemdafærslu sveitarstjórnar um ákvarðanir og stefnumótun um veigamestu þætti skipulagsins.

### 6.1 SAMANTEKT

Við mat á umhverfisáhrifum voru uppbygging ferðaþjónustu við bæjarstæði skoðuð. Niðurstöður mats sýna að uppbygging ferðaþjónustu við bæjarstæði getur haft neikvæð áhrif á landslag, staðbundin neikvæð áhrif gróðurfar sem og neikvæð sjónræn áhrif. Á móti vega þeir hagsmunir sem samfélag og atvinnulíf hefur að aukinni atvinnustarfsemi og ferðamennsku í dreifbýli í fremur fámennu sveitarfélagi. Það er mat sveitarstjórnar Djúpavogshrepps að sá ávinningur sem hlýst af uppbyggingu ferðaþjónustu á Bragðavöllum sé umtalsvert meiri en þau neikvæðu umhverfisáhrif sem af framkvæmdinni hljótask.

### 6.2 YFIRLIT YFIR UMFANG OG EFNI UMHVERFISMATSINS

Samkvæmt 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 fellur eftirfarandi framkvæmd í flokk C og kann því hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér:

- Töluliður 1.02 - Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli á landsvæði allt að 20 ha.

Í umhverfismatinu verður gerð því grein fyrir áhrifum breyttrar landnotkunar við bæjarstæði sem og áhrifum núllkosta.

### 6.3 UMHVERFISÞÆTTIR OG ÁHRIF

Eftirtaldir umhverfisþættir eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af fyrirhugaðri breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020: Landslag, jarðminjar og sjónræn áhrif, gróðurfar, fuglar, vatnalíf og veiði, menningarmínjar, samfélag og atvinnulíf og ferðamennska.



## 6.4 VIÐMIÐ UMHVERFISÁHRIFA

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggðu á eftirfarandi þáttum:

- Viðmiðum í íslenskum lögum og reglugerðum, stefnumörkun íslenskra stjórnvalda og skuldbindingu Íslands á alþjóðavísu.
- Greiningu sérfræðinga á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfispætti á framkvæmdasvæði.
- Umsögnum og athugasemdum lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings, sem liggja fyrir.

Við mat á umhverfisáhrifum var unnið eftir lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Ennfremur var stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um umhverfisskýrslu og um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.

## 6.5 AÐFERÐ OG FRAMSETNING

Umhverfismat þetta var unnið á þann hátt að gerðar voru venslatöflur, þar sem fram koma umhverfispættir, möguleg áhrif á þá eru skilgreind og þeim gefin einkunn sbr. eftirfarandi:

- + Aðalskipulagsbreytingin hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt
- 0 Aðalskipulagsbreytingin hefur ekki teljandi áhrif á á viðkomandi umhverfisþátt
- Aðalskipulagsbreytingin hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt
- ? Aðalskipulagsbreytingin hefur óljós áhrif á viðkomandi umhverfisþátt

Til að veða á móti þeim neikvæðu áhrifum, sem fyrirhuguð framkvæmd getur haft á umhverfispætti getur komið til mótvægisáðgerða þar sem því verður við komið. Lagðar eru fram tillögur að mótvægisáðgerðum eftir að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda hafa verið metin.

Í umhverfismati þessu er uppbygging ferðaþjónustu við bæjarstæði borið saman við núllkost er óbreytt stefna miðað við Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020 sem staðfest var 24. febrúar 2010.

## 6.6 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Tafla 2 sýnir áhrif ferðaþjónustusvæðis og tafla 3 sýnir núllkost.

**Tafla 2. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna uppbyggingar ferðaþjónustu við bæjarsvæði Bragðavalla.**

Umhverfisþættir	Áhrif	Vægi
Landslag, sjónræn áhrif	Framkvæmdin mun hafa fremur lítil neikvæð áhrif á landslag, en sjónræn áhrif geta verða nokkur.	-/0
Gróðurfar	Framkvæmdin mun hafa veruleg neikvæð áhrif á gróður á þeim stöðum sem miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Á móti kemur að skipulagssvæðið er við bæjarstæði þar sem vænta má að gróðri hafi þegar verið raskað í tengslum við hefðbundin landbúnaðarstörf. Þá verður gengið verið vel frá landi að framkvæmdum loknum.	-/0
Fuglar	Framkvæmdin mun ekki hafa teljandi áhrif á fugla.	0
Vatnalíf og veiði	Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á vatnalíf og veiði.	0
Menningarminjar	Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif fornleifar. Deiliskipulag mun taka mið af staðsetningu fornleifa og engum þekktum fornleifum verður raskað. Náið verður unnið með Minjastofnun til að tryggja farsæla framvindu.	0
Samfélag og atvinnulíf	Framkvæmdin hefur verulega jákvæð áhrif á samfélag þar sem hún skapar möguleika til uppbyggingar ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Framkvæmdin getur haft veruleg jákvæð áhrif á atvinnu verktaka á svæðinu meðan á framkvæmdum stendur.	+
Ferðamennska	Framkvæmdin mun skapa aukna möguleika fyrir ferðafólk að dvelja í sveitarfélaginu og þannig hafa verulega jákvæð áhrif á ferðamennsku	+

**Tafla 3. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna núllkosta.**

Umhverfisþættir	Áhrif	Vægi
Landslag, sjónræn áhrif	Núllkostur hefur engin áhrif á landslag né sjónræn áhrif.	0
Gróðurfar	Núllkostur hefur engin áhrif á gróðurfar.	0
Fuglar	Núllkostur hefur engin áhrif á fugla.	0
Vatnalíf og veiði	Núllkostur hefur engin áhrif á vatnalíf.	0
Menningarminjar	Núllkostur hefur engin áhrif á menningarminjar.	0
Samfélag og atvinnulíf	Núllkostur gæti haft nokkur neikvæð áhrif á samfélag og atvinnulíf þar sem íbúar gætu kosið að flytja af svæðinu, þangað sem finna má fjölbreyttari möguleika til atvinnusköpunar. Slíkt hefði neikvæð áhrif á byggð í fremur fámennu sveitarfélagi.	-
Ferðamennska og útvist	Núllkostur mun hafa umtalsverð neikvæð áhrif á ferðamennsku, þar sem ferðafólk hefur takmarkaðri tækifæri til að dvelja í sveitarfélaginu.	-

### 6.6.1 NIÐURSTAÐA

Niðurstöður mats sýna að uppbygging ferðaþjónustu við bæjarstæði getur haft neikvæð áhrif á landslag, staðbundin neikvæð áhrif gróðurfar sem og neikvæð sjónræn áhrif.

Á móti kemur ávinningur af uppbyggingu ferðaþjónustu í sveitarfélaginu, sem stuðlar að búsetu í dreifbýli og eykur atvinnutækifæri innan sveitarfélagsins. Þá hefur uppbyggingin jákvæð áhrif á ferðamennsku innan sveitar þar sem fleiri ferðamenn fá tækifæri til að lengja dvöl sína innan sveitarfélagsins.



## 7. VIÐAUKI A

Í viðauka A er uppfærð útgáfa af töflu 30 sem finna má í greinargerð Aðalskipulags Djúpavogshrepps 2008 - 2020.

Í töflunni hafa upplýsingar í samræmi við breytingar á aðalskipulagi verði færðar inn.

Auk þeirrar breytingar sem hér er til umfjöllunar, eru breytingarnar eftirfarandi:

- Kerhamrar í landi Múla - breytt landnotkun. Staðfest af Skipulagsstofnun 14. apríl 2016.
- Karlsstaðir - uppbygging ferðapjónustu. Staðfest af Skipulagsstofnun 18. apríl 2017.
- Breytt landnotkun í landi Teigarhorns og Djúpavogshrepps við Eyfreyjunes. Færsla Hringveggar nærri bæjarstæði á Teigarhorni og fyrir Eyfreyjunesvík. Staðfest af Skipulagsstofnun 2. febrúar 2018.

Jörð	Landbúnaður	Skógrækt	Íbúðarbyggð	Frístundabyggð	Verslun & þjónusta	Þjónustustofnun	Athafnasvæði	Iðnaðarsvæði	Opin svæði til sérst. nota	Óbyggð svæði	Náttúruvernd / friðun	Náttúruvernd / NM '96	Tillaga sveitarstj. að friðun náttúruminja	Þjóðminjavernnd / friðun	Þjóðminja	Tillaga sveitarstj. að friðun	Hverfisvernd	Vatnsverndar-svæði	Efnistaka	Vegir	Flugbraut	Losunarsvæði
			Lóð	Lóð	Svæði														X	Öxi <sup>14</sup>		
Berufjörður I & II	X					X													X			
Berunes I & II	X				X	X			X													
Blábjörg	X																X					
Bragðavellir	X	X			X <sup>15</sup>				X										X			
Djúpavogshreppur																						
- Búlandsnes <sup>16</sup>	X	X			X	X			X										X			X
- Háls	X		X																			
- Kambshjáleiga	X																					
- Merki	X								X													
- Stekkamyri			X		X																	
- Markúsarsel	X																					
- Tunguhlíð	X																					
Eiriksstaðir	X																					X
Eyjófsstaðir	X	X	X		X																	
Fagríhvamur	X	X																				
Flugustaðir	X																					X

<sup>14</sup> Breytingar á stofnvegakerfi um Öxi og botn Berufjarðar.

<sup>15</sup> Í samræmi við breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020

<sup>16</sup> Landnotkun afmarkast hér frá Reiðsundi í Eyfreyjunesvík við Berufjörð með landamerkjalinu að Kolpútanga við Hamarsfjörð.



Jörð	Lóð	Lóð	Svæði	Losunarsvæði	Flugbraut	Vegir	Efnistaka	Vatnsverndar- svæði	Hverfisvernd	Tillaga sveitarstj. að friðun þjóðminja	þjóðminjavernd / friðun	Tillaga sveitarstj. að friðun náttúruminja	Náttúruvernd / NM '96	Náttúruvernd / friðun	Óbyggð svæði	Opin svæði til sérst. nota	Iðnaðarsvæði	Athafnasvæði	Þjónustustofnun	Verslun & þjónusta	Fristundabyggð	Íbúðarbyggð	Skógrækt	Landbúnaður
Fosserði	X			X			X																	X
Gautavík	X	X		X			X				X					X				X				X
Geithellar I & II	X	X		X			X		X	X		X											X	X
Hamar	X			X			X			X		X				X								X
Hamarsel	X			X			X			X														X
Hlaupólur	X	X		X			X			X					X			X						X
Hnaukar	X			X			X		X				X											X
Hof	X			X			X		X	X			X			X				X				X
Hvannabrekka	X			X			X																X	X
Hærukollsnes	X			X									X											X
Karlsstaðir	X			X									X							X <sup>17</sup>			X	X
Kelduskógur	X			X			X																	X
Kross	X			X																				X
Krossgerði	X			X																				X
Lindarbrekka	X			X																	X			X
Meirakknes	X			X			X																	X

<sup>17</sup> Í samræmi við breytingu á Aðalskipulagi Djúpvogshrepps 2008 - 2020.

<sup>18</sup> Fyrirhugaður vegur yfir Hamarsfjörð.

Jörð	Landbúnaður	Skógrækt	Íbúðarbyggð	Fristundabyggð	Verslun & þjónusta	Þjónustustofnun	Athafnasvæði	Iðnaðarsvæði	Opin svæði til sérst. nota	Öbbyggð svæði	Náttúruvernd / fríðun	Náttúruvernd / NM '96	Tilfaga sveitarstj. að fríðun náttúruninja	Þjóðminjavernnd / fríðun	Hverfisvernd	Vatnsverndar-svæði	Efnistaka	Vegir	Flugbraut	Losunarsvæði
			Lóð	Lóð	Svæði															
Melshorn	X																			
Múli I, II og III	X	X		X	X	X <sup>19</sup>						X		X	X					
Núpur	X																			
Papey	X				X	X						X		X	X					
Rannveigarstaðir	X											X			X					
Runná	X																			
Skáli	X	X																		
Starmýri I, II & III	X	X		X								X	X	X	X		X	Lóns- heiðar- göng <sup>20</sup>		X
Stekkahjáleiga	X				X	X						X			X					
Stórhóll	X																			
Strýta	X											X	X		X					
Teigarhorn <sup>21</sup>	X					X		X			X	X		X	X	X	X			
Urðarteigur	X																			
Virkishólasel	X											X		X	X					
Þiljuvellir	X	X				X														
Þvottá	X											X		X	X					

<sup>19</sup> Í samræmi við breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020. Íbúðarbyggð felld út á móti.

<sup>20</sup> Lónsheiðargöng og stofnvegur um Starmýrardal.

<sup>21</sup> Í samræmi við breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 er sett inn afpreyingar- og ferðamannasvæði. Hverfisvernd er felld út.